



SKARÐSHLÍÐARSKÓLI

SAMVINNA · VINÁTTA · ÞRAUTSEIGJA

Valgreinar eru hluti af skyldunámi. Í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla skal nemendum gefinn kostur á að velja námsgreinar og námssvið sem svarar **til allt að fimmtungi námstímans** en skólar geta skipulagt mismunandi hlutfall valgreina eftir árgöngum og skal slíkt koma fram í árlegri starfsáætlun. Tilgangurinn með valfrelsi nemenda á unglingsstigi er að hægt sé að laga námið sem mest að þörfum einstaklingsins og gera hverjum og einum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og framtíðaráform í samvinnu við foreldra, kennara og námsráðgjafa.

Val í námi skal miða að skipulegum undirbúningi fyrir nám í framhaldsskóla og taka mið af undirbúningi fyrir bóknám, starfsmenntun, verknám og list- og tækninám. Í þessu skyni gefst nemendum kostur á að dýpka þekkingu sína á þeim námssviðum eða innan lögbodinna námsgreina. Einnig eiga nemendur að geta valið um viðfangsefni sem einkum miða að því að víkka sjóneldarhring þeirra, stuðla að aukinni lífsfyllingu eða dýpka þekkingu, leikni og hæfni sína á tilteknum sviðum í samræmi við áhuga þeirra.

Skólar skulu gera grein fyrir tilhögun valgreina í starfsáætlun að fenginni umsögn skólaráðs og samþykki skólanefndar og kynna nemendum og foreldrum. Þar skal skilgreina markmið valgreina sem í boði eru, leggja fram kennsluáætlanir, yfirlit yfir námsefni og ákvarðanir um námsmat. Framboð valgreina skal koma fram í starfsáætlun skóla.

Að ósk foreldra er heimilt að meta sem nám tímabundna þátttöku nemenda í atvinnulífi og reglubundna þátttöku í félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfböðastarfi enda falli það að markmiðum skólastarfs. Einnig er heimilt að meta skipulagt nám, sem stundað er utan grunnskóla, til valgreina, t.d. nám við framhaldsskóla, listaskóla og málaskóla. Í hverju tilviki metur viðkomandi skóli umfang slíks náms og gæta þarf jafnræðis í afgreiðslu mála. Við það skal miðað að það nemi ekki meira en sem svarar 160 mín. vikulega á hverju skólaári á unglingsstigi og er þá heimilt að meta slíkt til valgreina hjá viðkomandi nemendum.

Úr Aðalnámsskrá grunnskóla 2011, almennur hluti, bls. 48

Skiplag og vægi valgreina í Skarðshlíðarskóla 2021-2022

10. bekkur	Bundið val	Óbundið val	Mínútur á viku/kennslustundir á viku
List og veggreinar	x		160
Áhugasviðsverkefni	x		120
Val úr valbæklingi		x	120
		Samtals:	400 mín/10 kennslustundir

9. bekkur	Bundið val	Óbundið val	Mínútur á viku/kennslustundir á viku
List og veggreinar	x		160
Áhugasviðsverkefni	x		120
Val úr valbæklingi		x	120
		Samtals:	400 mín/10 kennslustundir

8. bekkur	Bundið val	Óbundið val	Mínútur á viku/kennslustundir á viku
List og veggreinar*	x		120 mín teknar af vali/ 3 kennslustundir
Áhugasviðsverkefni	x		40
Val úr valbæklingi		x	120
		Samtals:	280 mín/ 7 kennslustundir

*Nemendur í 8. bekk fá 6 tíma á viku í list- og verkgreinar. 3 tímar eru teknir af vali.